

176 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut ^{3/8} '44 eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

177 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð séra Sigurðar Z. Gíslasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 4. ágúst 4. ágúst 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Sigurðar Z. Gíslasonar.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um séra Sigurð Z. Gíslason, prest á Þingeyri í Dýrafirði, er fórst í snjóflóði á leið til útkirkju sinnar að Hrauni á nýársdag 1943.

Stofnfé sjóðsins er 3000 krónur, lagðar fram af nánustu ættingjum hins látna.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og efla kristindóminn í landinu, meðal annars með því að veita námsstyrk fátækum en efnilegum guðfræðinimum við Háskóla Íslands, og skulu nemendur úr Sandaprestakalli í Dýrafirði og úr Hofsprestakalli í Vopnafirði ganga fyrir um styrk.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru, auk vaxta af höfuðstól, hvers konar gjafir og áheit, er sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í umsjá biskupsins yfir Íslandi, er ávaxtar fé hans í Landsbanka Íslands eða í rikisskuldabréfum.

5. gr.

Úthluta skal árlega $\frac{2}{3}$ af vöxtum sjóðsins, en $\frac{1}{3}$ vaxta leggst við höfuðstól, unz sjóðurinn er orðinn 100 þúsund krónur. Eftir þann tíma má úthluta öllum vöxtunum, en aldrei skerða höfuðstólinn. Styrk skal jafnan úthluta þann 1. janúar, og annast biskupinn þá úthlutun að fengnum tillögum kennara guðfræðideildar háskólans. Nemi fé það, er úthluta skal, meiru en kr. 1500.00, er biskupi heimilt að verja því, sem um fram er, til styrktar kristindómi í landinu á þann veg, er hann telur bezt til fallið.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Fyrir hönd ættingjanna

Sigurgeir Sigurðsson.